

T I L L A G A

til þingsályktunar um skráningu sóknarbarna.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Gísli Gunnarssyni.

Frsm. Gísli Gunnarsson.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir að skipa þriggja manna starfshóp sem hefur það hlutverk að kanna hvernig best sé að halda utanum skráningu sóknarbarna í þjóðkirkjuna. Nefndin verði prestum og öðru starfsfólki þjóðkirkjunnar til ráðgjafar í þeim efnum.

Greinargerð.

Á 51. kirkjuþing 2014 var samþykkt ályktun um aðgerðir til að fjölga meðlimum þjóðkirkjunnar, þar sem kirkjuráði var falið að skipa þriggja manna starfshóp sem ætlað var að skila tillögum til kirkjuráðs, sem legði tillögurnar fyrir kirkjuþing 2015. Skýrslan var lögð fyrir kirkjuþing 2015 og bar heitið: Nýliðun innan þjóðkirkjunnar. Þar kom fram að árið 2005 voru 84,4% íslensku þjóðarinnar skráð í þjóðkirkjuna og í ársbyrjun 2015 voru það 73,6%. Nú lætur nærri að þetta hlutfall sé um 60%.

Ýmsar ástæður eru tilteknaðar í skýrslunni fyrir þessari þróun, en á síðustu árum hefur fjöldi innflytjenda áhrif á þessara prósentutölur, ásamt öðru. Skýrsluhöfundar benda á ýmsa styrkleika þjóðkirkjunnar sem nýta mætti betur og áskoranir sem vinna þarf úr. Þrjú meginstef voru í tillögum starfshópsins, þ.e. aukið fjármagn og áhersla á fræðslu og fjölmiðlun, notkun félagatals þjóðkirkjunnar og aukinn stuðningur við starfsfólk og svo efling æskulýðsfélaga og áhugamanna sem þátttakendum í umræðunni.

Samkvæmt skýrslunni var mælt til þess að gerð væri áætlun til fimm ára og kostnaðurinn við þetta verkefni yrði um 30 milljónir á ári. Því miður var þessari skýrslu ekki fylgt eftir sem skyldi og voru fyrir því ýmsar ástæður.

Tillagan sem hér er flutt fjallar fyrst og fremst um skráningu í þjóðkirkjuna. Í mörgum tilfellum er skráningu ábótavant og koma þarf þeim málum í sem best horf. T.d. fylgir skírn ekki endilega skráning í þjóðkirkjuna og dæmum um það fer fjölgandi. Áður en sókn er hafin til þess að fjölga sóknarbörnum þjóðkirkjunnar þurfa skráningarmálin að vera í lagi. Einnig þarf að huga að félagatali þjóðkirkjunnar.

Öll þekkjum við upplesturinn frá þjóðskrá um fækkun í þjóðkirkjunni. Auðveldasta leiðin til þess að stemma stigu við þessu er að hafa skráninguna í lagi og bæta svo hið góða starf kirkjunnar með ýmsu móti. Tillögur um það koma fram í áður nefndri skýrslu og mætti dusta rykið af henni.